



174. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 16. júní 2010 og hófst kl. 12:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Heimsókn Ólympíusamhjalparinnar og Evrópusambands ólympíunefnda – kynning

Forseti kynnti gesti fundarins, Pamelu Vipond aðstoðarframkvæmdastjóra Ólympíusamhjalparinnar og Gianluca Di Angelis skrifstofustjóra EOC. Tilgangur heimsóknarinnar er að skoða starfsemi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, stjórnarhætti, skipulag og fjármálastjórnun ásamt því að kynna ÍSí starfsemi Ólympíusamhjalparinnar.

Pamela og Gianluca þökkðu hlýlegar móttökur. Þau fóru yfir glærुकynningar og svöruðu fyrirspurnum.

Heimsókn þeirra samanstendur af vinnufundi með starfsfólki ÍSí, fundi með menntamálaráðherra, fundi með sérsamböndum sem tóku þátt í Ólympíuleikunum í Peking, fundi með styrktarþegum einstaklingsstyrkja, auk heimsóknar á skrifstofur sérsambanda.

2. Fjárlög 2011

Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með menntamálaráðherra 14. júní sl. Á fundinum kom fram að almenn skerðing á fjárlögum 2011 verði á bilinu 9-12% en stefnt sé að því að skerðing á íþrótt- og æskulýðsmálum verði á bilinu 0-4%.

Forseti benti ráðherra á að íþróttahreyfingin hefði brugðist við samdrætti á fjárframlögum opinberra aðila, samstarfsaðila og heimilanna í landinu á ábyrgan hátt og dregið saman seglin án þess þó að það hafi mikið komið niður á faglegri starfsemi eða þjónustu.

Óskað verður eftir fundi með Fjárlaganefnd Alþingis á haustmánuðum.

3. Starfsskýrslur ÍSí

Vel hefur gengið að innheimta starfsskýrslur að þessu sinni og ekkert félag hefur verið sett í keppnisbann. Skrifstofa hefur veitt stutta fresti til um 40 félaga.

4. Ólympísk verkefni

- Ólympíudagurinn

Ólympíudagurinn verður haldinn 23. júní nk. á landsvísu í samstarfi við íþróttafélög og Ólympíufjölskyldu ÍSí. Þórarinn Alvar Þórarinsson hefur yfirumsjón með framkvæmd Ólympíudagsins. Nánari dagskrá verður auglýst í fjölmiðlum.

- **YOG Singapore 2010**

Ekki er enn ljóst hversu margir íslenskir keppendur eiga rétt á þátttöku í leikunum en það skýrist á allra næstu dögum.

Afrekssvið ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að eftirtaldir keppendur verði samþykktir sem fulltrúar Íslands á YOG 2010:

Bryndís Rún Hansen, sund

Hrafn Traustason, sund

Inga Elín Cryer, sund

YOG 2010 hefur óskað eftir tilnefningum frá ÍSÍ um fjóra keppendur til viðbótar og hefur það verið afgreitt af Afrekssviði ÍSÍ. Munu tveir keppendur verða valdir úr hópi þessara fjögurra, af YOG 2010, á næstu dögum.

Samþykkt að heimila einnig þátttöku þeirra sem valdir verða af YOG 2010.

- **Smáþjóðaleikar 2011**

Undirbúningur gengur skv. áætlun.

5. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 173. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð frá 20.5.2010 og 10.6.2010
- Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 12.5.2010

Eftirfarandi styrkveiting úr Afrekssjóði samþykkt:

- *Samþykkt að styrkja TSÍ um 200.000 kr. eingreiðslu vegna þátttöku A-landsliðs í Davis Cup.*

Eftirfarandi styrkveitingar úr Styrktarsjóði ungra og efnilegra samþykktar:

- *Samþykkt að styrkja DSÍ um viðbótarstyrk að upphæð kr. 100.000 vegna dansparsins Sigurðar Atlasonar og Söru Rósar Jakobsdóttur.*
- *Samþykkt að veita TSÍ styrk í formi eingreiðslu að upphæð kr. 100.000 vegna Rafns Kumars Bonifacius og eingreiðslu að upphæð kr. 100.000 vegna Hinriks Helgasonar.*

- Fræðsluviðs frá 8.6.2010
- Lyfjaeftirlitsnefnd frá 11.5.2010
- Lyfjaeftirlitsnefnd frá 11.6.2010
-

6. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

Fram að næsta fundi:

- *Heimsráðstefna íþróttar fyrir alla, Jyvaskyla í Finnlandi 14.-17. júní 2010*
- *Heimsókn frá Ólympíusamhjálpinni 14.-18.6.2010*
- *Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ 19. júní*
- *Ólympíudagurinn 23. júní*
- *FAST ráðstefna 29.-30. júní*
- *Unglingalandsmót UMFÍ 30. júlí-1. ágúst*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*

Til lengri tíma litið:

- *Aðalfundur ANOC, Acapulco í Mexíkó 21.-23. október 2010*
- *Heimsráðstefna um íþróttir, menntun og menningu, 6.-7. desember í Durban í Suður-Afríku*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011*

- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012*

7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Ákvörðun um næstu fundi liggur ekki fyrir.

8. Önnur mál

Aðild að Alþjóðapríprautasambandinu

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að fyrir liggja þátttaka íslenskrar þríprautakonu í Evrópumóti og Heimsmeistaramóti í þrípraut. Til þess að hún hljóti keppnisrétt þarf ÍSÍ að gerast aðili að viðkomandi alþjóðasamböndum um þríprautaríþróttina. Samþykkt að heimila skrifstofu að ganga frá aðild.

Fulltrúi ÍSÍ í Íslenskum getraunum

Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu um fulltrúa ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna. Samþykkt að tilnefna Hafstein Pálsson aðalfulltrúa og Líneyju Rut Halldórsdóttur varafultrúa í stjórn Íslenskra getrauna.

Heiðursveitingar ÍSF

Skýrt frá því að Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ hefði verið heiðraður með gullmerki Íþróttasambands Færeyja á fundi norrænna íþróttasambanda og ólympíunefnda í Bosön í Stokkhólmi 11.-12. júní sl.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri var heiðruð með silfurmerki Íþróttasambands Færeyja við sama tækifæri. Það var Petur Elias Petersen sem afhenti þeim heiðursmerkin.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari